


Norræna ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2016 – samantekt





Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2016**
- 6 Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða
- 9 Meginlínur fjárhagsáætlunar 2016
- 9 Pólitísk forgangsröðun ráðherranefndanna
- 10 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2016
- 12 Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna
- 13 Áætlun framlög landanna í eigin gjaldmiðli
- 14 Þróun fjárhagsáætlana á árunum 2005–2016
- 15 Niðurskurður í norrænni fjárhagsáætlun 2014–2016
- 16 Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar
- 23 Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli þeirra
- 24 Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólgestig 2016

Norræna ráðherranefndin
Verkefna- og fjárhagsáætlun 2016 – samantekt

ISBN 978-92-893-4473-9 (PRINT)
ISBN 978-92-893-4474-6 (PDF)
<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2016-707>
ANP 2016:707
© Norræna ráðherranefndin 2016

Prentun: Scanprint as
Upplag: 200

Printed in Denmark



www.norden.org/nordpub

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.


Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
Sími (+45) 3396 0200

www.norden.org

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2016



Mikið umbótastarf stendur nú yfir í samstarfi norrænu ríkisstjórnanna. Umgjörð og innihald fjárhagsáætlunar ársins 2016 bera þessa greinileg merki. Formi og uppsetningu Verkefna- og fjárhagsáætlunarinnar hefur verið breytt enn frekar miðað við árið 2015 með það fyrir augum að gera markmiðasetninguna skýrari sem og þann árangur sem óskað er eftir. Efni fjárhagsáætlunarinnar ber vott um þróttmikið pólitískt samstarf um ný forgangsmál sem eru ofarlega á baugi.

Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var stuðst við leiðbeiningar um fjárhagsáætlun sem samstarfsráðherrarnir samþykku fyrr á árinu. Fjárhagsáætlunin er ennfremur byggð á tillögum frá fagráðherranefndunum tíu. Fjárhagsáætlun ársins 2016 felur í sér 1% heildarlækkun miðað við fjárhagsáætlun ársins 2015. Lækkunin skiptist á tvö stærstu fagsviðin, 70% á fjárveitingu til samstarfsráðherranna og 30% á fjárveitingu til menntamála og rannsókna. Sviðin hafa hvort um sig dreift lækkuninni með markvissri forgangsröðun í eigin fjárhagsáætlun. Öll önnur fagsvið halda óbreyttum fjárhagsramma miðað við 2015.

Í fjárveitingu til forgangsverkefna er tekið tillit til formennskuverkefna Íslands sem hófust 2014 og Danmerkur frá árinu 2015. Þá eru einnig lagðar fram 15 milljónir DKK til verkefna sem finnska formennskan yfir úr vör á árinu 2016 undir yfirskriftunum vatn, náttúra og mannfólk.

Kynning á Norðurlöndum og mörkun stöðu þeirra á alþjóðavettvangi er pólitískt stefnumótandi verkefni sem samstarfsráðherrarnir komu sér saman um 2014. Í fjárhagsáætlun ársins 2016 eru 10 milljónir DKK af fjárveitingu til forgangsverkefna lagðar fram í þetta verkefni. Sú fjármögnun ásamt öðrum mun skapa góð tækifæri til þess að hefja markvissar aðgerðir á árinu 2016 til kynningar á Norðurlöndum og marka stöðu þeirra á alþjóðavettvangi.

Í fjárveitingu til forgangsverkefna er ennfremur lagt fram fé til nýrra pólitískra verkefna. Því fé er ætlað að fjármagna góð verkefni þvert á fagsviðin. Í fjárhagsáætlun ársins 2016 eru þrjú slík forgangsverkefni: Loftslag og sjálfbær þróun, Norrænar hagtölur og Lýðræði, aðlögun og öryggi. Verkefni þrjú eru góð dæmi þess að norrænt ríkisstjórnasamstarf bregst við viðfangsefnum líðandi stundar á Norðurlöndum og ræðst í pólitískar aðgerðir sem eru ofarlega á baugi. Í fjárhagsáætluninni er ennfremur að finna nýtt þverfaglegt norrænt átak gegn mansali. Mörg fagsvið koma að hinni nýju áætlun.

Fjárhagsáætlunin inniheldur mikilvægar pólitískar aðgerðir á öllum samstarfssviðum. Framkvæmd og eftirfylgni með stefnumarkandi úttektum, til að mynda á sviðum heilbrigðis- og vinnamála, skipa stóran sess í fjárhagsáætluninni. Enn sem fyrr er áhersla lögð á afnám stjórnsýsluhindrana. Ennfremur verður alþjóðlegt samstarf áfram í forgangi. Ákvörðun um að hætta starfsemi upplýsingaskrifstofunnar í Norðvestur-Rússlandi gerir það að verkum að lagt verður fram fé til viðeigandi og markvissra pólitískra verkefna á grannsvæðum Norðurlanda.

Við gerð fjárhagsáætlunarinnar var haft samráð við Norðurlandaráð. Viðræðunum lyktaði með samkomulagi um fjárhagsáætlunina. Sú fjárhagsáætlun, sem samkomulag náðist um, birtist í heild sinni í þessu riti. Hafa ber umrætt samkomulag í huga þegar fjárhagsáætlanir og fjárlagaliðir sviðanna eru skoðaðir.

Kaupmannahöfn, 25. nóvember 2015

Dagfinn Høybråten

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar



Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting milli sviða

Heildarrammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherra-nefndarinnar 2016 nemur samtals 927.546 þús. DKK en í honum felst 1% lækkun miðað við 2015 (á verðlagi ársins 2015). Lækkunin nemur þannig 9,3 milljónum DKK.

Rammann má skilgreina sem hér segir:



HEILDARRAMMI	Þús. DKK
Fjárhagsáætlun 2015	931.782
1% sparnaður	-9.318
Samþykkt fjárhagsáætlun 2016 á verðlagi ársins 2015	922.464
Áhrif verðbólgu milli ára	16.863
Áhrif gengisbreytinga milli ára	-11.781
Samtals á verðlagi ársins 2016	927.546

Við heildarramma fjárhagsáætlunar 2016 (á verðlagi ársins 2015) bætast áhrif áætlaðrar verðbólgu og gengisbreytinga í samræmi við verðlagsstuðla og gengi gjaldmiðla sem sjá má í fylgiskjali 2 og fæst þá heildarrammi fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2016.

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun 2016 koma til verðbætur að upphæð 16.863 þús. DKK, en þær samsvara 1,8% hækkun fjárhagsáætlunar. Umreikningur fjárveitinga til stofnana úr gjaldmiðli þeirra í danskar krónur felur í sér lækkun á fjárhagsáætlun að upphæð 11.781 þús. DKK. Taka ber fram að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á stærð fjárhagsáætlunarinnar (og framlög landanna) eða upphæð fjárveitinga til stofnana. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til þess að umreikna fjárveitingar til stofnana í danskar krónur, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli búsetulandsins.

Á næstu blaðsíðu má sjá hvernig heildarrammi fjárhagsáætlunarinnar skiptist á fjárhagsramma fagsviðanna árið 2016.

**SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM 2016 OG 2015 (verðlag hvors árs í þús. DKK)**

	Fjárhags- áætlun 2016	Fjárhags- áætlun 2015	+/-	Mismunur %
1. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM)	253.984	255.258	-1.274	-0,5%
a. Fjárveiting til forgangsverkefna	75.641	74.375	1.266	1,7%
b. Alþjóðasamstarf	68.919	74.320	-5.401	-7,3%
i. Þar af skrifstofurnar*	15.560	21.330	-5.770	-27,1%
c. Önnur starfsemi og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar	109.424	106.563	2.861	2,7%
i. Þar af skrifstofa ráðherranefndarinnar	78.150	77.560	590	0,8%
2. Menntamál og rannsóknir (MR-U)	222.919	228.116	-5.197	-2,3%
a. Almenn menntamála- og rannsóknarstarfsemi	3.316	3.680	-344	-9,3%
b. Stefnunörkun o.fl.	15.440	15.481	50	0,3%
c. Ferðastyrkir og tengslanetsáætlanir	77.713	75.735	2.432	3,2%
d. Norræna rannsóknaráðið (NordForsk) (stofnun)	104.153	111.296	-7.708	-6,9%
e. Annað rannsóknasamstarf	22.297	21.924	373	1,7%
3. Félags- og heilbrigðismál (MR-S)	38.732	38.956	-224	-0,6%
i. Þar af Norræna velferðarmiðstöðin (stofnun)	19.794	20.335	-541	-2,7%
4. Menningarmál (MR-K)	170.551	167.143	3.408	2,0%
a. Almenn framlög til menningarmála	51.085	46.284	4.801	10,4%
b. Börn og ungmenni	6.139	6.036	103	1,7%
c. Kvikmyndir og fjölmiðlar	31.283	35.062	-3.779	-10,8%
d. Listir	31.258	33.210	-1.952	-5,9%
i. Þar af norrænu menningarhúsin (stofnanir)	44.219	42.793	1.426	3,3%
e. Önnur framlög til menningarmála	6.567	3.758	2.809	74,7%
5. Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS)	39.572	39.769	-197	-0,5%
a. Fiskveiðar	6.303	6.198	105	1,7%
b. Landbúnaður	20.692	21.204	-512	-2,4%
i. Þar af NordGen (stofnun)	19.484	20.016	-532	-2,7%
c. Matvæli	6.610	6.500	110	1,7%
d. Skógrækt	5.967	5.867	100	1,7%
6. Jafnréttismál (MR-JÄM)	9.023	8.873	150	1,7%

Framhald á næstu blaðsíðu



Framhald



SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM 2016 OG 2015 (verðlag hvors árs í þús. DKK)

	Fjárhags- áætlun 2016	Fjárhags- áætlun 2015	+/-	Mismunur %
7. Atvinnu-, orku- og byggðastefna (MR-NER)	130.773	132.686	-1.913	-1,4%
a. Atvinnulíf	87.766	89.619	-1.853	-2,1%
i. Þar af Norræna nýsköpunarmiðstöðin (stofnun)	70.326	72.471	-2.145	-3,0%
b. Orkumál	10.461	10.582	-121	-1,1%
i. Þar af Norrænar orkurannsóknir (stofnun)	6.261	6.452	-191	-3,0%
c. Byggðamál	32.546	32.485	61	0,2%
i. Þar af Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) (stofnun)	10.954	11.254	-300	-2,7%
8. Umhverfismál (MR-M)	44.907	44.157	750	1,7%
9. Vinnumál (MR-A)	13.839	13.632	207	1,5%
i. Þar af Fræðslustofnun á sviði vinnuverndar (NIVA) (stofnun)	3.403	3.370	33	1,0%
10. Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)	1.841	1.810	31	1,7%
11. Lögjafarmál (MR-LAG)	1.405	1.382	23	1,7%
Norræn heildarfjárhagsáætlun	927.546	931.782	-4.236	-0,5%

*Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi.

Sjá skiptingu heildarramma milli fjárlagaliða í dönskum krónum í töflu á bls. 16.

Meginlínur fjárhagsáætlunar 2016

Norræna ráðherranefndin er formlegur samstarfs- vettvangur ríkisstjórna Norðurlanda. Ráðherranefndin starfar á grundvelli Helsingforssamningsins en hann var síðast endurskoðaður 1995.

Norrænu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) bera meginábyrgð á því að samræma störf ráðherranefndarinnar. Samstarfið fer einnig fram í tíu fagráðherranefndum.

Löndin skiptast árlega á að gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni. Finnar gegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2016 og tóku við af Dönum.

Norrænu samstarfsráðherrarnir ákváðu 1% lækkun á norrænni fjárhagsáætlun ársins 2016. Sparnaðurinn skiptist þannig að 70% lækkunarinnar dregst frá fjárveitingu til samstarfsráðherranna og 30% frá fjárveitingu til menntamála og rannsókna (MR-U).

Tveimur forgangsverkefnum lauk á árinu 2015 en þau voru Grænn hagvöxtur og Sjálfbær norræn velferð. Fyrir vikið skapaðist rými fyrir ný þverfagleg og stefnumarkandi verkefni í fjárveitingu norrænu samstarfsráðherranna til forgangsverkefna 2016. *Sjá nánar í kafla hér á eftir um meginlínur í pólitískri forgangsörðun.*

Formennskuverkefni Íslands (frá 2014) og Danmerkur (frá 2015) halda áfram á árinu auk þess sem formennskulandið Finnland ýtir sínum forgangsverkefnum úr vör.

Fjárhagsáætlunin er byggð á tillögum fagráðherranna að forgangsörðun. Þær er að finna í fjárhagsáætlunartillögu framkvæmdastjórnans sem lögð var fram í júní 2015. Hún var send til umsagnar í löndunum áður en samstarfsráðherrarnir náðu samkomulagi um fjárhagsáætlunartillöguna í september. Samstarfsráðherrarnir samþykktu endanlega fjárhagsáætlun ársins 2016 í október 2015, að loknu samráði við Norðurlandaráð.

Pólitísk forgangsörðun ráðherranefndanna

Á árinu 2013 var framkvæmdastjórnunum falið að kanna hvernig mætti hagræða og bæta samstarf norrænu ríkisstjórnanna innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar. Í samræmi við það umboð var skýrsla um nútímavæðingu unnin á haustdögum 2013 og vordögum 2014 og hlaut hún yfirskriftina „Nyt Norden“. Í framhaldi af þeirri skýrslu ákváðu samstarfsráðherrarnir í júní 2014 að metnaðarfullum umbótum skyldi hrint í framkvæmd á árunum 2014–2016. Markmiðið með umbótunum er að 1) *efla norrænt samstarf á ráðherrastigi, þar á meðal um nýja norræna fjárlagagerð, 2) tryggja skilvirka skrifstofu, 3) auka norrænt notagildi verkefna og áætlana ráðherranefndarinnar og 4) bæta stjórnun norrænna stofnana.*

Meðal tækja sem efla norrænt ríkisstjórnasamstarf eru fjárveitingar til forgangsverkefna en þær hófust á árinu 2013. Fjárveitingum til forgangsverkefna er ætlað að greiða fyrir nýjum og stærri þverfaglegum aðgerðum auk formennskuverkefna landanna.

Á árinu 2015 verða aðrar fjárveitingar til forgangsverkefna nýttar meðal annars til að framfylgja nýrri áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar frá árinu 2015 um að kynna Norðurlönd og skapa þeim stöðu á alþjóðavettvangi. Tilgangurinn er að efla samkeppnisstöðu landanna og auka alþjóðleg áhrif þeirra með sameiginlegum aðgerðum sem eiga að beina kastljósi umheimsins að Norðurlöndum.

Auk þess ber að nefna þrenns konar þverfaglegar aðgerðir; norrænt tölfræðisamstarf, umhverfis- og loftslagsmál og nýjar sameiginlegar norrænar aðgerðir til eflingar á lýðræði, aðlögun og öryggi með því að vinna gegn félagslegri útskúfun, öfgastefnu og mismunun vegna trúarbragða.

Auk þess verður á árinu 2016 lögð áhersla á að framfylgja stefnumótandi úttektum á sviðum heilbrigðismála (Könbergskýrslunni) og vinnumála. Einnig verður hafin



stefnumótandi úttekt á enn einu samstarfssviði Norrænu ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin setur einnig í forgang starf sem greiðir fyrir einstaklingum og fyrirtækjum sem starfa þvert á landamæri Norðurlandanna. *Afnám stjórnsýsluhindrana* er enn ofarlega á pólitískri dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar. Í því felst meðal annars að löndin samhæfa löggjafarferli og vinna saman að innleiðingu löggjafar ESB.

Í samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar að alþjóðamálefnum verður á árinu 2016 lögð áhersla á að þróa samstarfstengsl við grannríki Norðurlanda og aðra aðila.

Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar 2016

Á haustdögum 2015 áttu Norðurlandaráð og Norræna ráðherranefndin viðræður um tillögu ráðherranefndarinnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Samráðinu lauk með eftirfarandi breytingum og nánari skýringum á fjárhagsáætlun ársins 2016:

Norræna ráðherranefndin hefji kortlagningu á umhverfismerkingum ferðamannastaða í löndunum og þegar niðurstaðan liggur fyrir leggi hún til hvað skuli aðhafst til þess að efla norræna ferðamannastaði.

Norræna ráðherranefndin setji í forgang að fylgja eftir tillögum skýrslunnar *Climate changes and primary industries* innan ramma samþykkrar fjárhagsáætlunar.

Norræna ráðherranefndin veiti 0,9 milljónir DKK til aðgerða undir Nýrri norrænni matargerð í fjárhagsáætlun 2016 (fjárlagaliður 5-6420 Ný norræn matargerð). Auk þess er matargerð liður í áætluninni um kynningu á Norðurlöndum 2016.

Norrænt samstarf leggi áherslu á aðgerðir gegn matarsóun með fé frá m.a. Grænum hagvexti og NordBio-áætluninni en samanlagt verði 2,5 milljónir DKK til ráðstöfunar árið 2016.

Norrænt samstarf um byggðaðróun setji í forgang, enn sem fyrr, starf að sjálfbærri efnahagsþróun á strjálbýlum svæðum.

3.160.000 DKK renni til Nordjobb árið 2016. Nordjobb verði metið 2016.

Norrænt samstarf á sviði atvinnulífs árið 2016 leggi áherslu á nýstárlegar, stafrænar lausnir sem undirstöðu framleiðslu á Norðurlöndum.

Ein milljón DKK í fjárhagsáætlun 2016 renni til Norrænu blaðamannamiðstöðvarinnar (NJC) til sérlegra verkefna svo sem stefnumótunar um vandaða blaðamennsku á Norðurlöndum og aukinn sýnileika Norðurlanda. Til viðbótar er áfram veittur styrkur til NJC vegna verkefna sem tengjast Rússlandi/Eystrasaltsríkjunum.

Sem lið í því að setja þróun betri aðferða til hagnýtingar á læknisfræðilegum rannsóknum í forgang verði tekinn saman á árinu 2016 þekkingargrunnur fyrir Norrænu ráðherranefndina um lífsýnabanka, gagnagrunnsrannsóknir og klínískar fjölsetrarannsóknir ásamt forsendum fyrir stefnumótun þar að lútandi, eigi síðar en júní 2016.

Vinnuálasviði verði hlíft við sparnaði 2016. Gerð verði forrannsókn á því hvernig ungmenni (undir þrítugu) öðlast tungumálaskilning við vinnutengdar aðstæður.

Ráðist verði í verkefnið „Útivistarlíf á Norðurlöndum“ með heildarfjárveitingu sem nemur 500.000 DKK. Verkefnið á að efla áhuga barna og ungmenna á útivistarlífi og náttúrunni. Þannig á að stuðla að aukinni hreyfingu og bæta heilsu barna og ungmenna.

Norræni sumarháskólinn verði færður (skipulagslega og í fjárhagsáætlun) úr ráðherranefndinni um menntamál og rannsóknir (MR-U) til samstarfsráðherranna (MR-SAM) og sama upphæð og sem nemur fjárveitingu ársins 2015 verði veitt til frekari þróunar og framhalds á starfseminni. Forsenda þessa er að Norræni sumarháskólinn taki í framhaldinu mið af gagnrýni og tillögum matsskýrslunnar.

Veittar verði 3,758 milljónir DKK til Samaráðsins og Samíska listamannaráðsins til menningarsamstarfs Sama og miðlunar þess, ennfremur að efla heildarstefnu í menningarmálum á Norðurlöndum og í Norðvestur-Rússlandi.

Tekin verði frá hæfileg upphæð til eflingar á fjölbreytilegri norrænni menningu í skólum í breiðum skilningi. Það er meðal annars gert með því að efla áhuga á barna- og unglingabókmenntum með heimsóknum rithöfunda, vinnu með netdreifingu á stutt- og heimildakvikmyndum og með áætluninni Lýðræði, aðlögun og öryggi.

Norræna ráðherranefndin tilgreini betur baráttuna gegn ónæmum bakteríum í stefnumótunarhópi um heildarhugsun eða svonefnda One Health-nálgun í þverfaglegu samstarfi.

Norræna ráðherranefndin setji í forgang að dregið verði úr efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks með því að auka fræðslu um áhrif þeirra á fólk og umhverfi. Norræna ráðherranefndin á að beita sér í ýmsu alþjóðlegu starfi sem miðar að því að fækka efnum og hormónatruflandi áhrifavöldum í daglegu lífi fólks. Auk þess hyggst Norræna ráðherranefndin efla aðgerðir á næsta ári til þess að upplýsa neytendur á Norðurlöndum.

Sameiginlegar norrænar aðgerðir verði eflar með breiðri þverfaglegri áætlun í þeim tilgangi að sporna gegn mansali í hvaða mynd sem það birtist.

Við framkvæmd nýrrar stefnu í málefnum barna og ungmenna á Norðurlöndum verður tekið tillit til þarfar á að efla áherslu á réttindi barna og ungmenna í norrænu samstarfi.

Öll samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar taki tillit til samþættingar jafnréttissjónarmiða í öllu sínu starfi. Í því felst að öll samstarfssvið, ekki aðeins ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, eigi að samþætta jafnréttissjónarmið í öllum pólitískum ákvörðunum.

Norræna ráðherranefndin setji, eftir lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV), í forgang fjárveitingar til nýrra aðgerða til forvarna og lýðheilsu.

Norræna ráðherranefndin taki það skref að leggja áherslu á kynningarstarf um Norðurlönd á grannsvæðum og landamærasvæðum, þar á meðal að skoða með opnum hug að fjármögnum verði margra ára verkefni á upplýsingaskrifstofunni í Flensburg og hjá norrænu sendiráðunum í Berlín, og skoði jafnframt tillöguna um eitt Norrænt hús til viðbótar, þar á meðal hvernig hugtakið er notað.

Norræna ráðherranefndin geri grein fyrir því hvaða afleiðingar það hefur á skrifstofurnar í Eystrasaltsríkjunum að starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar í Rússlandi leggist niður.



Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er aðallega fjármögnuð með beinum framlögum landanna. Grundvallarreglan er sú að framlög landanna samsvara heildarfjárhagsrammanum að frádrögnum gjöldum af launum starfsfólks, nettóvaxta-tekjum og öðrum tekjum, sbr. töflu hér á eftir. Framlög

landanna eru ákveðin samkvæmt ákveðinni skiptireglu, sem styðst við hlutdeild landanna í samanlögðum vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð seinustu tveggja ára sem tölur liggja fyrir um en það eru árin 2012 og 2013 í fjárhagsáætlun 2016.



TEKJUR Þús. DKK (á verðlagi hvers árs)	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2013	SKIPTI- REGLA 2013	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014	SKIPTI- REGLA 2014	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	SKIPTI- REGLA 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	SKIPTI- REGLA 2016
Gjöld af launum	11.000		12.000		13.000		12.500	
Aðrar tekjur (t.d. vextir)	1.200		1.100		600		400	
Framlög landanna	974.526		942.115		922.510		914.646	
- Danmörk	217.319	22,3%	197.844	21,0%	184.502	20,0%	177.441	19,4%
- Finnland	169.568	17,4%	153.565	16,3%	142.989	15,5%	143.599	15,7%
- Ísland	6.822	0,7%	6.595	0,7%	6.458	0,7%	7.317	0,8%
- Noregur	285.536	29,3%	288.287	30,6%	290.591	31,5%	295.431	32,3%
- Svíþjóð	295.281	30,3%	295.824	31,4%	297.971	32,3%	290.857	31,8%
SAMTALS	986.726	100%	955.215	100%	936.110	100%	927.546	100%

Áætluð framlög landanna í eigin gjaldmiðli

Í Norrænum samningi um aðgang að æðri menntun er kveðið á um að greiðslur milli landanna skuli gerðar upp í framlögum þeirra til hinnar árlegu fjárhagsáætlun um norrænt samstarf. Greiðsluákvæðið á við um Danmörku, Finnland, Noreg og Svíþjóð. Greiðsluákvæðið gildir ekki fyrir Álandseyjar, Færeyjar, Grænland og Ísland.

Nemar í rannsóknarnámi og í ósérgreindu háskólanámi eru ekki taldir með. Árleg greiðsla fyrir hvern námsmann er 30.280 DKK á árinu 2016.

Ráðherranefndinni berast tölfraðilegar upplýsingar frá námsstuðningsstofnunum landanna sem liggja til grundvallar þeim fjölda námsmanna sem ætlað er að fari á milli landa.

Hér á eftir sjást áætluð framlög landanna til Norrænu ráðherranefndarinnar í þúsundum mynteiningar hvers þeirra um sig, þegar tekið hefur verið tillit til greiðslna samkvæmt Norrænum samningi um aðgang að æðri menntun og gengisskráningar sem samstarfsráðherrarnir hafa komið sér saman um, sbr. fylgiskjal 2.



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2016 – ÁÆTLAÐ FRAMLAG FRÁ LÖNDUNUM Í ÞÚSUNDUM ÞEIRRA EIGIN GJALDMIÐILS

Danmörk	94.164	DKK
Finnland	23.186	EUR
Ísland	146.343	ISK
Noregur	415.188	NOK
Svíþjóð	359.399	SEK




Greiðslur, æðri menntun þús. DKK

	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2013	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2014	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016
Danmörk	-76.830	-89.078	-85.457	-83.278
Finnland	17.335	19.777	24.387	29.137
Ísland	0	0	0	0
Noregur	46.917	58.343	59.456	57.479
Svíþjóð	12.578	10.958	1.614	-3.338
SAMTALS	0	0	0	0



Þróun fjárhagsáætlana á árunum 2005–2016



Samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt fjárhagsramma fyrir 2016 sem felur í sér 1% niðurskurð (-9 milljónir DKK) miðað við ramma ársins 2015. Á árinu 2015 var 2% niðurskurður (-19 milljónir DKK) á ramma fjárhagsáætlunar miðað við 2014 en á árinu 2014 var 5% sparnaður miðað við 2013 (-49 milljónir DKK).

Breytingu ársins 2008 ber að skoða í ljósi þess að forsætisráðherrarnir kynntu hnattvæðingarverkefnið á fundi sínum í júní 2007 í Punkaharju í Finnlandi. Heildarkostnaður þess var 60 milljónir DKK en ákveðið var að fjármagna hluta þess og auka ramma norrænu fjárhagsáætlunarinnar um 35 milljónir DKK.

Sökum gengisbreytinga minnkaði fjárhagsramminn á föstu verðlagi milli árunna 2009 og 2010 en fjárhagsrammi ársins 2011 náði ekki sömu stærð og árið 2009. Ástæðan var sú að gengi norsku og sænsku krónunnar lækkaði töluvert gagnvart dönsku krónunni frá seinni hluta ársins 2008 fram á mitt ár 2009. Hækkunin milli árunna 2011 og 2012 hélt áfram til ársins 2013 en hún varð einnig vegna gengisbreytinga þegar gengi norsku og sænsku krónunnar hækkaði gagnvart dönsku krónunni. Tiltölulega mikið hrap á föstu verðlagi á árinu 2015 og áfram á árinu 2016 má skýra með lægra gengi norsku og sænsku krónunnar gagnvart dönsku krónunni, auk niðurskurðar í fjárhagsáætlun.

Niðurskurður í norrænni fjárhagsáætlun 2014–2016

Lækkun hefur orðið á ramma fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu ári eins og á undanförunum tveimur árum, en það er í samræmi við ákvarðanir samstarfsráðherranna þar að lútandi. Rammfi fjárhagsáætlunar 2016 er 1% lægri en rammfi

ársins 2015 en það samsvarar niðurskurði sem nemur 9 milljónum DKK. Árið 2014 var 5% lækkun miðað við fjárhagsáætlun 2013 en það samsvaraði niðurskurði sem nam 49 milljónum DKK á rammanum og á árinu 2015 nam niðurskurðurinn 2% eða 19 milljónum DKK.

Skipting sparnaðar á samstarfssvið*:



Sparnaður í þús. DKK	2014 MIÐAÐ VIÐ 2013	% AF STÆRÐ SVIÐSINS	2015 MIÐAÐ VIÐ 2014	% AF STÆRÐ SVIÐSINS	2016 MIÐAÐ VIÐ 2015	% AF STÆRÐ SVIÐSINS
Samstarfsráðherrarnir	-20.734	-7%	-5.138	-2%	-6.523	-3%
Menntamál og rannsóknir	-9.201	-4%	-4.768	-2%	-2.795	-1%
Félags- og heilbrigðismál	-1.772	-4%	-806	-2%	0	0%
Menningarmál	-8.203	-5%	-3.358	-2%	0	0%
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli	-1.715	-4%	-822	-2%	0	0%
Jafnréttismál	-339	-4%	-178	-2%	0	0%
Atvinnu-, orku- og byggðamál	-5.026	-4%	-2.809	-2%	0	0%
Umhverfismál	-1.696	-4%	-888	-2%	0	0%
Vinnumál	-535	-4%	-274	-2%	0	0%
Efnahags- og fjármálastefna	-65	-4%	-36	-2%	0	0%
Löggjafarmál samtals	-50	-4%	-28	-2%	0	0%
	-49.336	-5%	-19.105	-2%	-9.318	-1%

*Sparnaður á hverju fjárhagsári er borinn saman við fjárhagsáætlun undanfarins ár, á verðlagi sama árs.



Yfirlit yfir fjárlagaliði fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Fjárveiting til forgangsverkefna		75.641	74.375
	<i>Formenskusjóður Finna</i>	15.256	0
1-8012	Tölfræðileg úttekt á hreyfanleika innan Norðurlanda og bótagreiðslum milli landa	3.814	0
1-8013	Sérfræðingaskipti milli utanríkismálastofnana Norðurlanda	763	0
1-8014	Umhverfismerkíð Svanurinn, hringrásarhagkerfi og umhverfisspor	763	0
1-8015	Velmegun íbúa á nýskapandi og opnum Norðurlöndum árið 2020	2.288	0
1-8016	Norrænt vegakort fyrir bláa lífhagkerfið	2.288	0
1-8017	Félaglegt og hagfræðilegt notagildi yfirborðsvatns á norðurskautssvæðum Norðurlanda	1.526	0
1-8018	The Rising North	3.814	0
	<i>Formenskusjóður Dana</i>	15.256	15.226
1-8008	Hagvöxtur	4.068	4.060
1-8009	Velferð	4.068	4.060
1-8010	Gildi	4.577	4.568
1-8011	Höfin á norðurslöðum	2.543	2.538
	<i>Formenskusjóður Íslendinga</i>	15.255	15.225
1-8005	Norræni spilunarlistinn	2.034	2.030
1-8006	Velferðarvaktin	3.051	3.045
1-8007	Lífhagkerfisverkefnið	10.170	10.150
	<i>Formenskusjóður Svía</i>	0	15.225
1-8001	Samstarf um rannsóknir og nýsköpun í námuvinnslu (NordMin)	0	10.150
1-8003	Betra eftirlit með losun skammlífra loftslagsspilla	0	2.030
1-8004	Vinnustaðanáam	0	3.045
	<i>Forgangsverkefnasjóður</i>	29.874	28.699
1-8111	Menntamál og rannsóknir á sviði græns hagvaxtar	0	4.060
1-8112	Raforkumarkaður	0	1.015
1-8113	Græn tækniviðmið og -staðlar – Norðurlönd sem staðlagjafi	0	2.639
1-8115	Þróun tækni og aðferða til meðhöndlunar úrgangs	0	4.568
1-8116	Efla samþættingu umhverfis- og loftslagssjónarmiða í þróunarsamvinnu	0	508
1-8118	Sérstök forgangsverkefni – Grænn hagvöxtur	0	406
1-8210	Sjálfbær norræn velferð	0	11.165
1-8212	Velferð og mataræði	0	785
1-8410	Pólítísk forgangsverkefni	6.102	3.553
1-8411	Pólítísk verkefni á grannsvæðunum	3.432	0
1-8420	Kynning og mörkun stöðu á alþjóðavettvangi	10.170	0
1-8510	Ný þverfagleg verkefni	10.170	0



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Samstarfsráðherrarnir		109.424	106.563
<i>Önnur starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar</i>		<i>31.274</i>	<i>29.003</i>
1-0410	Samband norrænu félaganna	3.282	3.227
1-0425	Framlag til Grænlands	737	725
1-0435	Ráðstöfunarsjóður framkvæmdastjórans	419	412
1-0460	Sjálfbær Norðurlönd	3.077	3.026
1-1011	Upplýsingastarfsemi	5.250	5.162
1-1012	Norðurlönd í brennidepli	4.362	4.289
1-1030	Halló Norðurlönd	6.799	6.120
1-1036	Stjórnsýsluhindranaráðið	4.972	4.889
1-1050	Starfsmannaskipti	1.173	1.153
1-2534	Framlag til Norræna sumarháskólans (NSU)	1.203	0
<i>Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar</i>		<i>78.150</i>	<i>77.560</i>
1-0180	Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar	78.150	77.560



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Alþjóðasamstarf		68.919	74.320
1-0820	Þekkingaruppbygging og tengslanet	27.560	27.622
1-0980	Samstarf og samstarfsaðilar á landamærasvæðum	2.517	2.475
1-0960	Félagasamtök á Eystrasaltssvæðinu	6.432	6.324
1-0970	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	0	9.496
1-0810	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Norðvestur-Rússlandi	15.560	11.834
1-0850	Alþjóðasamstarf	1.783	1.753
1-0870	Samstarfsáætlun um málefni norðurskautssvæðisins	8.864	8.716
1-0950	Aðgerðir vegna Hvíta-Rússlands	4.574	4.498
1-0990	Samstarf við nágretta Norðurlanda í vestri	1.629	1.602



ÞÚS. DKK	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Menntamál og rannsóknir (MR-U)	222.919	228.116
<i>Almenn framlög til menntamála og rannsókna</i>	3.316	3.680
2-2505 Ráðstöfunarfé – Menntamál og rannsóknir	3.316	3.680
<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	15.440	15.481
2-2544 Norrænt tungumálasamstarf	6.997	7.015
2-2553 Stefnumótun, þekkingarsamfélagið og innviðir upplýsingatækni	566	568
2-3127 Stefnumörkun um fullorðinsfræðslu	7.877	7.898
<i>Ferðastyrkir og tengslanetaáætlanir</i>	77.713	75.735
2-2513 Nordplus	74.073	75.735
2-2515 Norræna meistaranámsáætlunin	3.640	0
<i>Stofnun</i>	104.153	111.296
2-3100 Norræna rannsóknaráðið (NordForsk)	104.153	111.296
<i>Annað rannsóknasamstarf</i>	22.297	21.924
2-3180 Norræna kjarneðlisfræðistofnunin (NORDITA)	9.155	9.002
2-3181 Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	2.729	2.683
2-3182 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	4.325	4.253
2-3184 Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	4.418	4.344
2-3185 Norræna Samastofnunin (NSI)	1.670	1.642



ÞÚS. DKK	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)	38.732	38.956
<i>Framlög til verkefna</i>	18.938	18.621
3-4310 Framlög til verkefna – Félags- og heilbrigðismál	4.646	4.568
3-4311 Norrænt samstarf um heilbrigðismál – Könbergskýrslunni fylgt eftir	1.264	1.243
3-4320 Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.142	1.123
3-4340 Norræna nefndin um heilbrigðisskýrslur (Nomesko) og Norræna hagsýslunefndin (Nososko)	1.924	1.892
3-4382 Norræna tannlækningastofnunin – NIOM AS	9.962	9.795
<i>Stofnanir</i>	19.794	20.335
3-4380 Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	19.794	20.335



ÞÚS. DKK	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Meningarmál (MR-K)	170.551	167.143
<i>Almenn framlög til menningarmála</i>	51.085	46.284
4-2203 Ráðstöfunarfé – Menningarmál	957	941
4-2205 Norræni menningarsjóðurinn	34.926	34.342
4-2206 Verðlaun Norðurlandaráðs	3.905	3.583
4-2208 Stefnumótandi aðgerðir	11.297	7.418
<i>Börn og ungmenni</i>	6.139	6.036
4-2212 Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK)	6.139	6.036
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>	31.283	35.062
4-2221 Norræna tölvuleikjaáætlunin	0	4.172
4-2222 Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	28.339	27.865
4-2228 Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.944	3.025
<i>Listir</i>	31.258	33.210
4-2251 Menningar- og listaáætlunin	16.516	17.786
4-2253 Norrænir þýðingastyrkir	3.119	3.067
4-2254 Norræn-baltnesk ferðastyrkjaáætlun á menningarsviði	11.623	12.357
<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>	44.219	42.793
4-2270 Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	9.880	8.887
4-2272 Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ)	13.692	13.490
4-2274 Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	2.973	2.944
4-2277 Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.417	6.322
4-2548 Norræna menningargáttin (KKN)	11.257	11.150
<i>Annað menningarsamstarf</i>	6.567	3.758
4-2232 Forgangsverkefni	2.745	0
4-2234 Samískt samstarf	3.822	3.758



ÞÚS DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli (MR-FJLS)		39.572	39.769
	<i>Framlög til verkefna</i>	922	907
5-6420	Ný norræn matargerð	922	907
	<i>Fiskveiðar</i>	6.303	6.198
5-6610	Framlög til verkefna – Fiskveiðar	6.303	6.198
	<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	26.659	27.071
	<i>Framlög til verkefna – Landbúnaður</i>	1.208	1.188
5-6510	Framlög til verkefna – Landbúnaður	375	369
5-6520	Norræna nefndin um landbúnaðar- og matvælarannsóknir (NKJ)	833	819
	<i>Stofnanir – Landbúnaður</i>	19.484	20.016
5-6585	Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	19.484	20.016
	<i>Framlög til verkefna – Skógrækt</i>	5.967	5.867
5-6310	Framlög til verkefna – Skógrækt	311	306
5-6581	Norrænar skógræktarrannsóknir (SNS)	5.656	5.561
	<i>Matvæli</i>	5.688	5.593
5-6810	Framlög til verkefna – Matvæli	5.132	5.046
5-6830	Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	556	547



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Jafnréttismál (MR-JÄM)		9.023	8.873
	<i>Framlög til verkefna</i>	9.023	8.873
6-4410	Framlög til verkefna – Jafnréttismál	3.552	3.493
6-4420	Styrkjaáætlun jafnréttisráðherranna (MR-JÄM) (þús. DKK)	2.890	2.842
6-4480	Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði (NIKK)	2.581	2.538



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)		130.773	132.686
	<i>Atvinnulíf</i>	87.766	89.619
7-5140	Framlög til verkefna – Atvinnulíf	2.020	1.986
7-5280	Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (Nopef)	15.420	15.162
	<i>Stofnanir – Atvinnulíf</i>	70.326	72.471
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NI)	70.326	72.471
	<i>Orkumál</i>	10.461	10.582
7-5141	Framlög til verkefna – Orkumál	4.200	4.130
	<i>Stofnanir – Orkumál</i>	6.261	6.452
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	6.261	6.452
	<i>Byggðamál</i>	32.546	32.485
7-5143	Framkvæmd samstarfsáætlunar, lýðfræði, vinnuhópar og verkefnafé – Byggðamál	5.410	5.320
7-5151	Norræna Atlantshafssamstarfið (NORA)	6.737	6.624
7-5160	Samstarf landamærasvæða	9.445	9.287
	<i>Stofnanir – Byggðamál</i>	10.954	11.254
7-6180	Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	10.954	11.254



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Umhverfismál (MR-Miljø)		44.907	44.157
8-3310	Ráðstöfunarfé – Umhverfismál	4.313	5.732
8-3311	Vinnuhópar á umhverfissviði	24.511	22.601
8-3312	Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs	610	609
8-3320	Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO)	11.203	11.016
8-6720	SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	4.270	4.199



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Vinumál (MR-A)		13.839	13.632
<i>Framlög til verkefna</i>		<i>10.436</i>	<i>10.262</i>
9-4110	Önnur framlög til verkefna – Vinnumál	922	907
9-4111	Vinnumál – Fastanefndir	4.661	4.583
9-4120	Nordjobb	3.214	3.160
9-4130	Samskipti um vinnumál	1.639	1.612
<i>Stofnanir</i>		<i>3.403</i>	<i>3.370</i>
9-4180	Fræðslustofnun á sviði vinnuverndar (NIVA)	3.403	3.370



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Efnahags- og fjármálastefna (MR-FINANS)		1.841	1.810
10-5210	Framlög til verkefna – Efnahags- og fjármálastefna	1.841	1.810



ÞÚS. DKK		FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2016	FJÁRHAGS- ÁÆTLUN 2015
Löggjafarmál (MR-LAG)		1.405	1.382
11-7110	Framlög til verkefna – Löggjafarmál	1.405	1.382

Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli þeirra



FJÁRVEITINGAR NORRÆNNA STOFNANA		2016	2015	
Menntamál og rannsóknir (MR-U)				
2-3100	Norræna rannsóknaráðsið (NordForsk)	122.533.000	123.662.000	NOK
Fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, skógrækt og matvæli (MR-FJLS)				
5-6585	Norræna erfðalindasetrið (NordGen)	24.355.000	24.116.000	SEK
Meningarmál (MR-K)				
4-2270	Norræna húsið í Reykjavík (NOREY)	197.597.000	189.088.000	ISK
4-2272	Norðurlandahúsið í Færeyjum (NHFØ)	13.692.000	13.490.000	DKK
4-2274	Norræna stofnunin á Álandseyjum (NIPÅ)	399.000	394.700	EUR
4-2277	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	6.417.000	6.322.000	DKK
4-2548	Norræna menningargáttin (KKN)	1.511.000	1.494.600	EUR
Félags- og heilbrigðismál (MR-S)				
3-4380	Norræna velferðarmiðstöðin (NVC)	24.743.000	24.500.000	SEK
Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)				
7-5180	Norræna nýsköpunarmiðstöðin	82.737.000	80.523.000	NOK
7-3220	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	7.366.000	7.169.000	NOK
7-6180	Norræna rannsóknastofnunin í skipulags- og byggðamálum (Nordregio)	13.693.000	13.559.000	SEK
Vinnumál (MR-A)				
9-4180	Fræðslustofnun á sviði vinnuverndar (NIVA)	456.800	451.800	EUR



Fylgiskjal 2: Gengi gjaldmiðla og verðbólgustig 2016



GENGI GJALDMIÐLA OG VERÐBÓLGUSTIG

100 EUR	=	745 DKK
100 ISK	=	5,0 DKK
100 NOK	=	85 DKK
100 SEK	=	80 DKK
Danmörk		1,5%
Finnland		1,1%
Ísland		4,5%
Noregur		2,75%
Svíþjóð		0,99%

Reikningsstuðull vegna verkefna er 1,7%.



norden

Nordisk Ministerråd

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

ANP 2016:707
ISBN 978-92-893-4473-9 (PRINT)
ISBN 978-92-893-4474-6 (PDF)